



Luxemborg 9. ágúst 2024

FRÉTTATILKYNNING 09/2024

Dómur í máli E-10/23 X gegn fjármálaeftirlitinu

ÞAGNARSKYLDA SAMKVÆMT 53. GR. TILSKIPUNAR 2013/36/ESB

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá kærunefnd Fjármálaeftirlits Liechtenstein (*Beschwerdekommission der Finanzmarktaufsicht*) varðandi túlkun 53. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnieftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum („tilskipunin“)

X, stefnandinn í málinu sem er til meðferðar fyrir kærunefndinni, átti meirihluta og var formaður stjórnar í banka með staðfestu í Liechtenstein. Árið 2022, lagði X til kaup á virkum eignarhlut í banka með staðfestu í Lúxemborg. Í beiðni kærunefndarinnar kemur fram að X var tilkynnt af lögmönnum sínum í Lúxemborg að þarlend stjórnvöld hefðu gefið til kynna afdráttarlaust neikvætt álit á fyrirhuguðum viðskiptum eftir samskipti við stjórnvöld í Liechtenstein. X heldur því fram að neikvæðar upplýsingar frá stjórnvöldum í Liechtenstein til stjórnvalda í Lúxemborg hafi leitt til þess að hinn sammingsaðili hafi fallið frá fyrirhuguðum viðskiptum. Síðar hafi valdbær stjórnvöld í Liechtenstein hafnað ítrekuðum beiðnum X um aðgang að upplýsingum varðandi samskipti stjórnvalda í Liechtenstein og Lúxemborg. Í beiðni sinni um ráðgefandi álit, bar kærunefndin fram fimm spurningar.

Í fyrstu spurningunni, spurði kærunefndin hvort EFTA-dómstóllinn hefði lögsögu til að gefa ráðgefandi álit varðandi túlkun sammingsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („SED“) samkvæmt 1. mgr. 34. gr. þess sammings, þar sem ákvæðið vísaði einungis berum orðum til EES-sammingsins. EFTA-dómstóllinn svaraði þeirri spurningu játandi.

Með annarri spurningu sinni, vildi kærunefndin fá svar við því hvort 34. gr. SED bæri að túlka sem svo að beiðni til EFTA-dómstólsins um ráðgefandi álit væri heimil þegar sömu lagalegu spurningu hefur í undanfarandi málsmeðferð þegar verið svarað, í samræmi við réttarfarslöggjöf viðkomandi ríkis, af æðri dómstól með bindandi hætti. EFTA-dómstóllinn svaraði þessari spurningu einnig játandi.

Með spurningum 3-5, óskaði kærunefndin eftir leiðbeiningum varðandi túlkun 53. gr. tilskipunarinnar. EFTA-dómstóllinn taldi að tilskipunina bæri að túlka sem svo að allar upplýsingar sem valdbær stjórnvöld hefðu yfir að ráða sem (i) væru ekki opinberar og (ii) opinberun slíkra upplýsinga væri líkleg til að hafa neikvæð áhrif á hagsmuni einstaklinga eða lögpersóna sem gefið hefðu upplýsingarnar eða þriðju aðila, eða eðlilega starfsemi eftirlits með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, skyldi flokka sem trúnaðarupplýsingar sem falli undir þagnarskyldu 53. gr. tilskipunarinnar. Í 53. gr. tilskipunarinnar væru tæmandi talin þau tilvik þar sem í undantekningartilvikum væri heimilt að skýra frá eða nýta trúnaðarupplýsingar. Vernd trúnaðarupplýsinga samkvæmt þagnarskyldu verði hins vegar að tryggja og innleiða í samræmi við almennar

meginreglur EES réttar, m.a. meginregluna um skilvirka réttarvernd, réttláta málsmeðferð, og vernd gegn gerræðislegum og óréttmætum athöfnum stjórnvalda .

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.